

Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 119. mál.

frá Kvenfélagasambandi Kópavogs.

Frumvarp um afnám laga um orlof húsmæðra hefur verið lagt fram. Stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs álitur að gengið sé að vali kvenna um orlof með þessu frumvarpi. Það er óumdeilanlegt að í dag, þá vinna konur úti allan daginn og sinna síðan húsverkum og barnauppeldi er heim er komið. Sem betur fer hefur skilningur á þessu mikla álagi á konur vaxið og karlmenn tekið í ríkara mæli þátt í heimilisverkum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að konur eru í dag með lægri laun fyrir sama starf og karlmenn, sem er með öllu óásættanlegt. Því kemur húsmæðraorlof sé mjög vel fyrir konur almennt. Margar konur hafa líka lág eftirlaun og konum hættir til að einangrast félagslega ef ekki væri fyrir húsmæðraorlofið.

Því telur Kvenfélagasamband Kópavogs það léleg vinnubrögð nýrrar ríkisstjórnar að ráðast á húsmæðraorlofið og þar með á garðinn þar sem hann er lægstur. Skorar Kvenfélagasamband Kópavogs frekar á hæstvirta þingmenn að einbeita sér að öðrum mikilvægari málum og leyfa húsmæðraorlofinu að vera og halda áfram að vera stuðningsnet fyrir konur.

Kópavogi, 20. Mars 2017

Stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs,

Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Formaður

Helga Skúladóttir, Varaformaður

Ragnheiður Sveinsdóttir, Ritari